

1863.
18. júním.

þau próföstum á landinu, og einnig útdrátt úr skýrslu um afhafnir stofnunar þessarar fjárhagsárin 1859—60 og 1860—61, og skorar á yður að bjóða embættismönnum þessum að hlutast til um, að efni lagaboðs þessa og skýrslu verði gjört almenn- ingi kunnugt á hagfelldasta hátt.

Með því einnig er áriðandi að hafa fullkomnar skýrslur um alla blindu á landinu, þá eru yður og hærmeð send exem- plör af skýrsluformi til að semja eptir skýrslu í hverri sókn um hina blindu, og skal skorað á yður að bjóða prestum á Íslandi að semja á ári hverju slíkar skýrslur, fyrsta skipti við lok yfirstandandi árs; ber nákvæmlega að laga þær eptir skýrslu- formi þessu og gjöra þær svo fullkomnar, sem unnt er; síðan ber að senda próföstum skýrslurnar, og eiga þeir þar á eptir að senda þær til yðar, og þær að síðustu til stjórnarráðsins.

19. júním.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til læknis.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 13. d. aprílm. þ. á., veitti hún Magnúsi Stephensen, cand. med. & chir., 200 ríkisdala þóknun fyrir þá læknishjálp, er hann eptir tilhlutun stjórnarráðsins hefir látið sjúklingum í tæ síðastliðið haust og vetur, meðan hann dvaldi í suðurumdæminu á Íslandi.

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið.

verða má, og að þeir geti haft ofanaf fyrir sér með vinnu sinni að svo miklu leyti, sem unnt er.

3. grein. Borgunin fyrir veru hins blindu í skólenum skal vera 350 rdl. á ári, og er þar í fölginn borgun fyrir föt, fæði og kennslu. Nú verður borgun þessi eigi greidd, sakir fátæktar barnsins eður for- eldra þess, þá má lækka borgunina eður láta hana burt falla. Ef hús- rúm er til má og taka í skólann blindu, sem eiga heima í öðrum hlut- um ríkisins, svo og í útlöndum, og ef efnahagur barnsins mæli með því má lækka borgunina fyrir hina fyrgreindu til 150 rdl. á ári.